

Nd.

827. Breytingartillögur

við frv. til framfærslulaga.

Frá Bergi Jónssyni, Gísla Sveinssyni og Jónasi Guðmundssyni.

1. Við 59. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar dvalarsveit hefir greitt meðlag, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar senda kröfu um endurgreiðsluna til sins lögreglustjóra, sem gerir ráðstafanir til þess, að meðlagið verði innheimt hjá heimilissveit barnsföður. Kröfunni skal fylgja kvittun barnsmóður eða annars framfærslumanns fyrir greiðslunni, afrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins.

2. Við 66. gr. 3. málsg. greinarinnar fellur niður.

3. Við 77. gr. Greinin orðist þannig:

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafði er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á pósthönd til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslensks og dansks ráðherra.